



Stjórnarfundur Þekkingarsetursins á Blönduósi haldinn miðvikudaginn 13. janúar 2016 kl. 9.

Dagskrá:

1. Staða mála.
2. Starfs- og fjárhagsáætlun 2016.
3. Samstarf við Textílsetur Íslands.
4. Bréf MMR.
5. Önnur mál.

Arnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Mætt eru Arnar Þór Sævarsson, Valgarð Hilmarsson, Berglind Björnsdóttir, Katharina Schneider og Þóra Sverrisdóttir sem ritar fundargerð.

1. Arnar skýrði frá því að Þekkingarsetrið fær úthlutað af fjárlögum árið 2016 vegna tillagna Norðvesturnefndar sem lagðar voru fram á sl. ári, kr. 25 milljónir til eflingar starfsemi í Kvennaskólanum. Stjórnin lýsir ánægju með þessa fjárveitingu og lítur á hana sem viðurkenningu fyrir þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað í Kvennaskólanu með tilkomu Þekkingarsetursins. Einnig kom fram að ríkið setur 20 milljónir í viðhald og uppbyggingu á fasteignum Kvennaskólans að Árbraut. Katharina sagði frá því að kláruð var í desember upptaka myndefnis vegna kynningarefnis fyrir Þekkingarsetrið og alla starfsemi sem fram fer í Kvennaskólanum. Starfsmenn Þekkingarsetursins fóru ásamt mökum í jólamat, hefur það ekki verið gert áður og var það vel heppnað.
2. Katharina lagði fram drög að starfs- og fjárhagsáætlun 2016. Farið var yfir hana og hún samþykkt. Drög liggja fyrir að samstarfssamningi við Háskólann að Hólum við rannsóknir og kennslu á sviði strandmenningar og voru þau samþykkt. Valgarður yfirgaf fundinn.
3. Vegna úthlutunar fjármagns frá fjárlögum leggur Katharina til að gerður verði samstarfssamningur við Textílsetrið vegna sérfræðings á sviði textíls og að Þekkingarsetrið greiði hluta af launum hans. Samþykkt var að greiða sem samsvarar 50% launa. Til frekari eflingar textíllistamiðstövarinnar. Einnig var rætt um hugmyndir um að ráða sérfræðing á sviði textíl m.a. varðandi rannsóknir á vefstólum Kvennaskólans, kennslu og fleira. Sameiginlegur fundur stjórna Þekkingarseturs og Textílseturs verður í framhaldi af þessum fundi.
4. Katharina fór yfir drög að bréfi til Mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna styrkjaumhverfis Þekkingarsetra og var samþykkt að senda það.
5. Rætt var um ráðningu skrifstofumanneskju fyrir Kvennaskólann í tengslum við úthlutun fjárveitingar, til eflingar og samræmingar á starfseminni sem þar fer fram.

Fleira ekki gert, fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 11:00. Þóra Sverrisdóttir